

KB ABS1

Árshlutareikningur

30.júní 2006

KB ABS1
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj.	3	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um fjárfestingar	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		
<i>Árshlutareikningur KB ABSI 30. júní 2006</i>	2		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur KB ABS1 er hluti af B-hluta árshlutareiknings Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. sem inniheldur árshlutareikning Verðbréfasjóða Kaupþings Banka, Fjárfestingarsjóða Kaupþings Banka og Fagfjárfestasjóðs Kaupþings Banka. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Enginn hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu 1.janúar til 30.júní 2006. Eigið fé sjóðsins í lok júní nam 1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2006.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðenda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í KB ABS1.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning KB ABS1. Hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 15. Árshlutareikningurinn er byggður á gögnum rekstrarfélagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna félagsins og greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag í lok þess og breytingu á handbæru fé og hreinni eign sjóðsins, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 30. ágúst 2006.

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2006

	Skýr.	2006 1.1.-30.6
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2-4	
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur		37
Vaxtagjöld		(34)
Hreinar fjármunatekjur		3
Rekstrargjöld:		
Umsýsluþóknun	5	3
		<u>3</u>
Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini		<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2006

Skýr. 30.6.2006

Eignir:

Verðbréf:

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	838
Afleiðusamningar	<u>88</u>
Eignir samtals 6-10	<u><u>926</u></u>

Skuldir:

Skuldir við rekstrar- og vörslufélag	(21)
Útgefin skuldabréf	<u>(904)</u>
Skuldir samtals	<u>(925)</u>

Hrein eign samtals 1

Eigið fé:

Hlutdeildarskírteini 12-13 1

Hrein eign	1
Fjöldi eininga	<u>1</u>
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils	<u><u>1,04</u></u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 1. janúar - 30. júní 2006

	Skýr.	2006 1.1.-30.6
Rekstrarhreyfingar:		
Hagnaður tímabils færður á hlutdeildarskírteini		0
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini		1
		1
Hækkun á hreinni eign		1
Hrein eign í ársbyrjun		0
Hrein eign í lok tímabils		1

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2006

KB ABS 1

	Markaðs- verð	% af eign
Óinnleystur hagnaður af afleiðuviðskiptum	88	9,5%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	838	90,5%
Heildarverðmæti fjárfestinga	926	100,0%
Útgefin skuldabréf	(904)	(97,6%)
Aðrar eignir og skuldir nettó	(21)	(2,3%)
Hrein eign samtals	<u>1</u>	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Árshlutareikningur Fagfjárfestastjóðs Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Rekstrarfélagi Kaupþings Banka hf. sem er dótturfélag Kaupþings Banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi 30. júní 2006. Rekstrartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

Arður

4. Arður er tekjufærður þegar krafa um hann myndast, það er þann dag sem arðurinn er til útborgunar.

Umsýsluþóknun

5. Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Kaupþings Banka hf. eignastýringarþóknun sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins, laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu en auk þess greiðir sjóðurinn Arion hf. vörsluþóknun. Umsýsluþóknunin reiknast sem breytileg eignastýringarþóknun og sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðsins, sem hér greinir:

	gnastýringar- þóknun	Umsýslu- þóknun
KB ABS1	0,35%	0,15%

Fjárfestingar

6. Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.
7. Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.
8. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í lok tímabilsins.
9. Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok tímabilsins.

Skýringar, frh.:

10. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningarnir taka ekki gildi fyrr en á árinu 2006 eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra getur meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Afleiðusamningar sjóðanna eru færðir á markaðsverði. Samningarnir eru notaðir til að verja sjóðina gegn vaxta- og gengisáhættu vegna verðbréfa. Með afleiðusamningum sjóðanna er almennt stefnt að því að draga úr verð-, gengis- og vaxtaáhættu þeirra. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa.

Skattamál

11. Fagfjárfestastjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Hlutdeildarskírteini

12. Raunávöxtun fjárfestingarsjóðs Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. m.v. 30. júní 2006

	Síðustu 3 mánuði
KB ABS1	0,05%

13. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti 30.6.2006	Gengi 30.6.2006
KB ABS1	1	1,04

Skýringar, frh.:

14. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna og fjárfestingarstefnu.

	Eign	Fjárfestingarstefna	
	30.6.2006	Lágmark	Hámark
	%	%	%
Innlán fjármálafyrirtækja	90	0	100
Aðrir fjármálagerningar	10	0	100

15. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Ríki, sveitarfél. eða alþj. stofn.		Hlutdeildar skírteini		Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum					838	90	838	90
Afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða					88	10	88	10
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>926</u>	<u>100</u>	<u>926</u>	<u>100</u>